

Húsbrot og eignaspjöll

Forstöðumönnum stofnanna Vestmannaeyjabæjar ber ávallt að kæra húsbrot og eignaspjöll á eignun sveitarfélagsins.

Tilkynna skal brotið auk þess að leggja fram kæru til lögreglu og afla nauðsynlegra gagna ef hægt er sem afhent eru lögreglu. Sé um eignaspjöll að ræða skal tilkynna slíkt til tryggingafélags sveitarfélagsins og framkvæmdastjóra stofnunarinnar hið fyrsta.

Á seinni stigum mála sem upplýsast skal gera refsikröfu og einnig bótakröfu sé um eignaspjöll að ræða. Leita skal aðstoðar bæjarlögmanns sé um bótakröfu að ræða, ef þess þykir þörf.

Framkvæmdarstjóra er heimilt að semja við þann brotlega um greiðslu vegna eignaspjalla leiti hann eftir því og draga þá refsí- og bótakröfu til baka eftir atvikum.

Sé um minni háttar eignaspjöll af ásettu ráði að ræða af notendum mannvirkja skal forstöðumaður meta hvert tilvik, þ.e. hvort fara skuli fram á bætur vegna tjóns og/eða tímabundið bann við notkun húsnæðis. Frávísun skal að hámarki vera 1 mánuður og leitast skal við að hafa foreldra ólögráða barna með í ráðum þegar slík ákvörðun er tekin.

Samþykkt í bæjarráði 30. September 2014.